

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Suðurhöfn - Óseyrarbraut 29.*

Á fundi skipulags- og byggingarráðs 25. apríl 2017 var óveruleg breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar samþykkt, sem heimilar stækkun byggingarreits B á lóð nr. 29 við Óseyrarbraut. Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt frá 10. maí til 7. júní 2017. Engar athugasemdir bárust.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 9. júní 2017.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Guðrún Guðmundsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 26. júní 2017